

Nd.

171. Breytingartillögur

við frv. til laga um kirkjur.

Frá Sveini Ólafssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir »kirkjur« komi: bænhús.
2. Við 2. gr. Á eftir »kirkjur« í 1. tölulið komi: bænhús.
3. Við 17. gr. Fyrir »1.—9. gr.« komi: 1.—8. gr.
4. Við fyrirsögn IV. kafla. Fyrirsögnin hljóði svo: IV. Önnur ákvæði.
5. Við 18. gr. Greinin falli niður.
6. Við 19. gr. Greinin falli niður.

7. Við 20. gr. Greinin falli niður.
8. Við 21. gr.
 - a) Fyrri málsgr. orðist svo:

Sóknarnefnd aðstoðar prest um allt, sem lýtur að góðri skipun safnaðarmála, eflingu trúarlegs áhuga, viðhaldi fagurra helgisíða og skreyting kirkju.
 - b) Í stað »Sérstaklega skal kirkjunefnd« í síðari málsgr. komi: Sóknarnefnd skal og.
9. Við 22. gr. Í stað »kirkjunefndir« komi: sóknarnefndir.
10. Við 23. gr. Í stað »sóknar- og kirkjunefnda« komi: sóknarnefnda.

Greinatalan breytist eftir niðurstöðu við atkvæðagreiðslu.